

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/53/EB

frá 11. september 1997

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/196/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Spánar og Portúgal,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/196/EBE frá 6. febrúar 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/26/EB ⁽³⁾, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að aðlaga I. viðauka við tilskipun 79/196/EBE að tækniframförum með því að taka upp sjö nýja Evrópustaðla sem Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) hafa nýlega samið.

Með tilliti til tækniframfara sem hafa orðið er nauðsynlegt að aðlaga inntak samhæfðu staðlana sem um getur í I. viðauka við tilskipun 79/196/EBE.

Með tilliti til eðlis þess búnaðar sem um er að ræða verður að ákveða bráðabirgðafyrirkomulag til að gera iðnaðinum kleift að laga sig nægilega að þeim breytingum sem eru gerðar á stöðlunum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með rafföng til notkunar á sprengihættustöðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við tilskipun 79/196/EBE komi viðaukinn við þessa tilskipun.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. maí 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Fram að 30. júní 2003 skulu aðildarríkin halda áfram að beita þeim ráðstöfunum, sem kveðið er á um í 4. gr. tilskipunar 76/117/EBE, að því er varðar búnað þar sem samræmi við samhæfðu staðlana, sem um getur í breyttri tilskipun 79/196/EBE, er vottað með útgáfu samræmisvottorðs samkvæmt 8. gr. tilskipunar 76/117/EBE, að því tilskildu að vottorðið sé gefið út fyrir 30. september 1998.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. september 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 45.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 43, 20. 2. 1979, bls. 20.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 157, 24. 6. 1994, bls. 33.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

SAMHÆFÐIR STAÐLAR

Samhæfðu staðlarnir, sem búið er að samræmast, eftir því hvaða varnartilhögun er beitt, eru þeir Evrópu-staðlar sem taldir eru upp í eftirfarandi töflu.

Evrópustaðlar

(samdir af Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC), 35 rue de Stassart, B-1050 Bruxelles/Brussels)

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50014	Raftæki fyrir sprengihættustaði — Almennar kröfur	2	desember 1992
EN 50015	Raftæki fyrir sprengihættustaði — Olúfylling „o“	2	apríl 1994
EN 50016	Raftæki fyrir sprengihættustaði — Háþrýstítæki „p“	2	október 1995
EN 50017	Raftæki fyrir sprengihættustaði — Sallafylling „q“	2	apríl 1994
EN 50018	Raftæki fyrir sprengihættustaði — Logatraust umlykja „d“	2	ágúst 1994
EN 50019	Raftæki fyrir sprengihættustaði — Aukið öryggi „e“	2	mars 1994
EN 50020	Raftæki fyrir sprengihættustaði — Sjálftrygg útfærsla „i“	2	ágúst 1994
EN 50028	Raftæki fyrir sprengihættustaði — Innsteypt útfærsla „m“	1	febrúar 1987
EN 50039	Raftæki fyrir sprengihættustaði — Sjálftrygg rafkerfi „i“	1	mars 1980
EN 50050	Rafsviðssprautunarbúnaður sem halda þarf á	1	janúar 1986
EN 50053 (1. hluti)	Rafsviðssprautur fyrir málningu, sem halda þarf á, með orkumörkin 0,24 mJ og aukabúnaður þeirra	1	febrúar 1987(*)
EN 50053 (2. hluti)	Rafsviðssprautur fyrir duft, sem halda þarf á, með orkumörkin 5 mJ og aukabúnaður þeirra	1	júní 1989(*)
EN 50053 (3. hluti)	Rafsviðssprautur fyrir spunaló, sem halda þarf á, með orkumörkin 0,24 mJ eða 5 mJ og aukabúnaður þeirra	1	júní 1989(*)

(*) Hér er einungis átt við þær greinar sem fjalla um smíði tækja sem eru tilgreind í stöðlunum EN 50053, 1. 2. og 3. hluta.“